

Hugtök og lögmál atferlisgreiningar

E-706-HULO



Ár: 1. ár

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: Engir.

Kennari: Ingibjörg Sveinsdóttir

Lýsing: Í þessu námskeiði er farið yfir heimspekilegan grunn hagnýtrar atferlisgreiningar með áherslu á vísindalega undirstöðu tilraunagreiningar atferlis. Nemendur læra um heimspekilegar forsendur atferlisgreiningar, þ.m.t. hugmyndir um réttmæti hegðunar, náttúruvalsstefnu (erfðabundna, umhverfisbundna, menningarlega), nauðhyggju, raunhyggju, einfaldleika og nytjahyggju; um umhverfislegar skýringar á hegðun (andstæðar hugarhyggjulegum skýringum); að greina á milli róttækrar atferlishyggju, aðferðafræðilegrar atferlishyggju og formgerðarstefnu; og að greina á milli huglægrar greiningar á atferli, tilraunagreiningar á atferli, hagnýtrar atferlisgreiningar og tækni til atferlisgreiningar. Áhersla er lögð á að geta skilgreint og skýrt hugtökin hegðun, svörun, svörunarflokkur; umhverfi, áreiti og áreitisflokkur; staðkvæmni áreita; viðbragðatengsl (óskilyrt áreiti [US], óskilyrt svörun [UR]); viðbragðsskilyrðing (skilyrt áreiti [CS], skilyrt svörun [CR]); virk skilyrðing; samspil viðbragðs og virkrar hegðunar; óskilyrt styrking; skilyrt styrking; óskilyrt refsing; skilyrt refsing; styrkingarhættir og refsingarhættir; slokknun; náttúruleg skilyrðing (skilyrðing sem á sér stað án skipulagðrar styrkingar); áreitisstjórn (S-delta/S-, SD/S+); margþætt áhrif eins áreitis; óskilyrt forskilyrði; skilyrt forskilyrði; gegnvirk, sjálfhverf, staðgöngu-forskilyrði; atferlisskilyrði; tímanánd; virknetengsl; skilyrt aðgreining; aðgreining áreitis; yfirfærsla svörunar; yfirfærsla áreitis; hegðunarspeglun; skriðþungi hegðunar; jöfnulögmálið; skilyrðastjórnun hegðunar; og reglustjórnun hegðunar. Auk þess læra nemendur að greina á milli yrtra og óyrtra virkja, þ.m.t. bergmæli og eftirhermun, boð, band og máltak. Þeir læra einnig um lykilhugtök mælinga sem gera þeim kleift að greina frá kostum og göllum þess að nota aðferðir samfelldra mælinga og stakra mælinga (t.d. hlutbilsskráningu og heilbilsskráningu, tímabilúrtak); bera kennsl á mælanlegar víddir hegðunar (t.d. tíðni, tímalengd, töf eða tími sem líður milli tveggja svarana); meta breytingar á stigi, leitni og breytileika; og meta tímatengsl milli breyta sem unnið er með (innan og milli lota, tímaraða).

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að:

- sýnt fram á þekkingu á sögulegri og heimspekilegri undirstöðu atferlisgreiningar
- greint frá þeim forsendum og skilgreint þær hugmyndir sem eru kjarni umhverfislegra skýringa (andstæðar hugarhyggjulegum skýringum) á hegðun

-
- skilgreint og skýrt meginreglur og ferli hagnýtrar atferlisgreiningar
 - greint á milli mállegra og ómállegra virkja
 - lagt gagnrýnt mat á helstu meginreglur og aðferðir mælinga sem notaðar eru við atferlisgreiningu

Námsmat: Gerð er krafa um að nemendur taki þátt í les- og umræðuverkefnum í kennslustofu og eru nemendur metnir á grundvelli skriflegra verkefna og lokaprófs.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6